



Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:
Hörgárdalsbraut Hólakot - Skriða

Leyfishafi:
Vegagerðin
kt. 680269-2899
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Leyfisveitandi:
Hörgársveit
kt. 510101-3830
Þelamerkurskóla, 604 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 2020-07-20.
- Yfirlitsmyndir, grunnmyndir og landsnið, kennisnið, brúarteikning, yfirlitsmynd yfir námur og teikning af varnargarði unnin af Mannviti dags. 2020-06-23.
- Leyfi Norðurorku til framkvæmda á grannsvæði vatnsbóls að Vöglum.
- Leyfi Fiskistofu til mannvirkjagerðar í veiðivötnum sbr. 33. gr. laga um silungs- og laxveiðar nr. 61/2006 dags. 2020-09-11.
- Jákvæð umsögn Minjastofnunar vegna minjaskráningar sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 dags. 2020-06-12.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 27. ágúst 2020 er hér með veitt framkvæmdaleyfi til lagningar Hörgárbrautar vegnr. 815 milli stöðvar 6540 og 9537, ásamt heimreiðum, byggingu brúa á Syðri- og Ytri-Tungnaá, varnargarðs, reiðleiðar og efnistöku skv. framkvæmdaleyfisumsókn og fylgigögnum.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi 1. október 2020 og gildir í þrjú ár.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Framkvæmdaleyfið tekur til svæðis sem tilgreint er á yfirlitsmynd B002, sjá fylgigögn b.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

- Framkvæmdaleyfi þetta er bundið þeim skilmálum sem fram koma í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.
- Framkvæmdaleyfi þetta er bundið framkvæmdaráætlun og öðrum skilmálum sem fram koma fylgigögnum leyfisins og bókun sveitarstjórnarfundar 27. ágúst 2020.
- Framkvæmdaleyfi þetta er skilyrt við að undirritað samþykki landeiganda liggi fyrir áður en vinna hefst á viðkomandi landi.
- Framkvæmdina skal vinna samfelld, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar.



5. Ábúendum á jörðum við vegkaflann skal gert viðvart um framkvæmdir sem hafa áhrif á aðgengi að húsakosti þeirra eða varða kunna þeirra hagsmuni á annan hátt a.m.k. viku áður en framkvæmdir hefjast.
6. Snýrtilega skal gengið frá framkvæmdasvæðinu að framkvæmd lokinni. Leyfishafi skal ganga frá grónu landi með svarðlagi eða sáningu.
7. Umgengni um framkvæmdasvæðið skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til umferðar við framkvæmdasvæðið, svo sem vegna umferðar á þjóðvegi eða annarra vegfarenda og við framkvæmdasvæðið.
8. Leyfishafi skal tryggja að vegir og slóðar skemmist ekki vegna starfsemi sinnar.
9. Gildistími framkvæmdaleyfis er tilgreindur framar í leyfi þessu og skal frágangi lokið á þeim degi.

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Forsvarsmaður leyfishafa:

Verkeftirlit Vegagerðarinnar

Útgáfudagur:

1. október 2020

Undirskrift:

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyjafjarðar